

Skipulagsstofnun
Jón Þórir Þorvaldsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 13. maí 2020
UST202004-286/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Strandavegur um Veiðileysuháls. Tillaga að matsáætlun. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 29. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Um er að ræða endur- og nýlagningu Strandavegar á 11,8 km löngum kafla frá Kráku að Kjósará.


Umhverfisstofnun telur jákvætt að fallið hefur verið frá því að skoða frekar veglínu 602 sem hefði að mati stofnunarinnar haft verulega neikvæð áhrif á ásjýnd Djúpuvíkur. Einnig er jákvætt að skoða frekar útfærslu náma og skeringa að matsferli loknu þegar nákvæmari áætlanir um efnismagn liggja fyrir.


Fram kemur í greinargerð að vegurinn verði ekki lagður í fjörum neðan við sjávarkamb. Að mati Umhverfisstofnunar er þetta jákvætt, en stofnunin telur að þar sem svo háttar til eigi að kanna hvort nokkur möguleiki sé að leggja veg aðeins ofar í landi til að ekki þurfi að byggja sjóvörn neðan vegar og taka með þeim hætti hluta fjörunna undir mannvirkni þótt sjálfur vegurinn liggi ofan sjávarkamb.

Einnig ætti að skoða sjónræn áhrif núverandi vegar sérstaklega þar sem stuttir kafla verða látnir standa eftir. Að mati stofnunarinnar færi betur á því að fjarlægja þessa búta eða draga veginn verulega saman á þessum köflum til að minnka sjónræn áhrif eldra mannvirkis. Sjá má slíka búta sunnar á Strandavegi og geta þeir að mati Umhverfisstofnunar verið til lýta.

Greinagerðin er ítarleg og að áliti Umhverfisstofnunar er gerð fullnægjandi grein fyrir valkostum, mótvægisáðgerðum og þeim þáttum sem fyrir áhrifum geta orðið.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur